



Fossatún ehf.  
b.t. Steinars Berg Ísleifssonar  
Fossatúni  
311 Borgarnes

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 30. nóvember 2016  
Tilv.: ANR16110056/11.6

Ráðuneytið vísar til tölvubréfs yðar, dags. 7. nóvember 2016, þar sem óskað er eftir svörum við tilteknum spurningum varðandi frumvarp til laga nr. 50/2015, um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga) sem lagt var fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014/2015 og samþykkt var af Alþingi þann 30. júní 2015.

Í tilefni af framangreindu tölvubréfi yðar skal upplýst að í frumvarpi til laga nr. 50/2015, um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði (meðferð og ráðstöfun eigna veiðifélaga) er gerð grein fyrir aðdraganda og ástæðum þess að frumvarpið var lagt fyrir Alþingi og vísast til þess sem þar kemur fram.

Eins og kemur fram í bréfi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis til yðar, dags. 18. október 2016, er það hlutverk dómstóla að skera úr um gildi laga gagnvart stjórnarskrá en einnig er þar bent á heimild til að bera fram kvörtun við umboðsmann Alþingis ef uppfyllt eru skilyrði um það efni.

Af hálfu ráðuneytisins skal upplýst að eins og mál þetta liggur fyrir þykir ekki unnt að fjalla frekar um álitaefni sem koma fram í áðurnefndu tölvubréfi yðar eða leggja mat á þær aðstæður sem þar eru tilgreindar.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Jóhann Guðmundsson

  
Sigríður Norðmann